

Stjórnarfundur TSÍ 15.05.08

Mættir voru Skjöldur, Raj, Jónas, Ingólfur, Hafsteinn, Rakel, Gunnar

Raj sagði frá Fed Cup og Davis Cup í Armeníu. Aldeilis ágætur árangur bæði hjá kvenna- og karlaliðinu. Kvennaliðið vann sinn fyrsta leik á móti Zimbabwe og karlaliðið vann sig upp um deild og vann alla leiki sína á mótinu. Raj sagði sérstaklega frá síðasta leiknum þar sem Andri og Magnús lentu í hörku viðureign í tvíliðaleik sem vannst að lokum.

Ný stjórn hittist í fyrsta skipti. Skjöldur lagði áherslu á að menn sendi þau mál fyrir fundi sem þeim finnst áhugaverð og vilja ræða á fundum. Tekið var vel í það. Nú þegar Raj er verðandi framkvæmdastjóri TSÍ var lagt til að hann muni víkja úr stjórn til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Það var samþykkt og tekur Gunnar sæti hans í stjórn. Raj mun þó sitja fundi áfram. Ingólfur er reiðubúinn til að taka að sér starf gjaldkera a.m.k. til að byrja með. Hafsteinn tekur svo við starfi aðstoðarformanns TSÍ. Stjórnin mun að öðru leyti skipta með sér verkum innan skamms. Þar á eftir að ræða þau verk sem hver og einn tekur að sér.

Rætt var væntanlegt starf framkvæmdastjóra TSÍ sem Raj mun taka að sér. Reyndar hefur hann sinnt því meira og minna í mörg ár. Raj ræddi þá vinnu sem hann hefur innt að hendi og á síðasta ári voru það 700 tímar, sem margir hverjir voru unnir í sjálfboðavinnu bæði sem þjálfari og framkvæmdastjóri. Raj mun senda stjórnarmeðlimum hugmyndir sínar um starfið auk þess sem skoða á tillögur Jónasar um sama mál. Skilgreina þarf hlutverk framkvæmdastjóra. Menn telja ágætt að leggja línur til næstu áramóta en huga í framhaldi að því til framtíðar.

Skjöldur, Jónas og Ingólfur ætla að skilgreina starfið, skoða kjaramál og fleira og koma með tillögur að starfinu fyrir næstu mánaðarmót.

Ingólfur ræddi hugmynd sérsambandanna um að koma upp sjónvarpsrás fyrir minni sérsamböndin hér á landi. Ljóst er að það er ekki létt mál og auðunnið. Ekki aðeins er fjármagn lítið hjá þessum samböndum og verkefnið dýrt heldur koma til tæknimál og enginn veit hvernig áhorf verður þótt rásin verði að veruleika. Menn eru þó bjartsýnir og vilja láta reyna á þetta. Ýmsar hugmyndir eru uppi um hvernig standa skuli að þessu, menn ræða startkostnað upp á 300.000 kr.- hjá hverju sambandi en ljóst er að það dugir skammt. Efnið verður væntanlega unnið meira og minna í áhugamennsku ef af verður. Stjórnarfólk TSÍ mun fylgjast með og taka þátt í framvindu mála.

Áhugi er sem fyrr fyrir því að fundargerðir TSÍ fari á Netið. Heimasíða TSÍ hefur ekki verið tilbúin til þess enn sem komið er en unnið verður að því að svo verði. Mun Raj leiða það mál.

Ræddur var sá tími sem Íslandsmót utanhúss er haldið. Sumir vilja flýta mótinu því margir eru uppteknir í ágúst. Ekkert var ákveðið en málið verður skoðað frekar á næsta fundi.

Gunnar sagði frá því að Arnar Sigurðsson besti tennisleikari Íslands fyrr og síðar hugleiði að hætta keppni í atvinnumótum erlendis. M.a. vegna fjármagnsskorts, þótt ýmislegt annað kunni að koma til. Ljóst er að íþróttamenn á borð við Arnar eru ekki á hverju strái og geta liðið mörg ár þangað til einhver kemur upp með hans hæfileika og vilja til að ná langt í íþróttinni. Menn ræddu hvort rétt væri að gera úrslitatrialun til þess að afla fjármagns fyrir Arnar. Til dæmis með því að TSÍ birti grein í fjölmiðlum þar sem skýrt er frá þessu og málinu beint til fjársterkra aðila sem kunna að vilja styðja við kappann. Samþykkt var að Skjöldur ræði fyrst við Arnar um og kanni hans hug, áður en lengra er haldið.

Skjöldur mun boða næsta fund sem líklega verður haldinn 29. maí.

Gunnar Þór Finnbjörnsson ritari TSÍ